

Fornleifarannsókn í Tröð í Bolungarvík

Frumrannsókn unnin vegna byggingar snjóflóðavarnargarðs

Ragnar Edvardsson



Janúar 2004

NV nr.1-04

<u>Inngangur</u>	3
<u>2. Byggðarsaga</u>	4
<u>3. Fornleifarannsókn</u>	4
<u>Skurður 1 (T1)</u>	5
<u>Skurður 2 (T2)</u>	6
<u>Skurður 3 (T3)</u>	7
<u>Skurður 4</u>	10
<u>Skurður 5</u>	10
<u>Skurðir 6 og 7</u>	11
<u>Skurðir 8 og 9</u>	11
<u>Niðurstöður fornleifarannsóknar</u>	11
<u>Fundir</u>	13
<u>4. Tröð í Bolungarvík og snjóflóðavarnargarðurinn</u>	13
<u>5. Kort</u>	15
<u>6. Viðbætur</u>	19
a. <u>Skrá yfir einingar</u>	19
b. <u>Skrá yfir teikningar</u>	20
c. <u>Skrá yfir fundi</u>	20
d. <u>Skrá yfir jarðvegssýni</u>	21
e. <u>Skrá yfir ljósmyndir</u>	21
<u>7. Heimildir</u>	24

Inngangur

Markmið og aðferðarfræði

Fyrirhugað er að reisa snjóflóðavarnargarð í fjallshlíðinni fyrir ofan Bolungarvíkurkaupstað. Varnargarðurinn er gríðarlegt mannvirki, um 1000 metra langt og 200 metra breitt. Garðurinn liggur í austur/vesturátt og fer vestur hluti hans að mestu leiti yfir bæjarstæði Traðar í Bolungarvík (kort 1).

Samkvæmt 11. gr Þjóðminjalaganna er skylt að framkvæma fornleifaskráningu áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Í 14.gr Þjóðminjalaganna er kveðið skýrt á um hvað framkvæmdaraðila ber að gera ef fornminjar finnast á tilvonandi framkvæmdarsvæði. “Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmdum muni leiða. Við allar meiriháttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallagerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.” (Þjóðminjalög).

Árið 1996 fór fram fornleifaskráning í Bolungarvík á vegum kaupstaðarins og sá Ragnar Edvardsson um verkið (Ragnar Edvardsson 1996). Við skráninguna voru skráðir 13 minjastaðir innan þess svæðis þar sem snjóflóðavarnargarðarnir verða byggðir. Fornleifaskráningin gat ekki ákvarðar aldur einstakra minja og eru þessar 13 minjar eflaust frá ýmsum tímum. Bæjarhólnum og fjósi var rutt til þegar að húsin í Traðarlandi voru byggð og bentu munnlegar heimildir til að stór hluti hans, jafnvel allur, hafi verið notaður í uppfyllingu annarstaðar.

Ljóst var að snjóflóðamannvirkin og framkvæmdir við þær munu gersamlega eyðileggja meiri hluta bæjar og túnstæði jarðarinnar Traðar og þar af leiðandi munu mikilvægar upplýsingar um byggðarsögu Bolungarvíkur og þróun hennar glatast. Því var nauðsynlegt að ráðast í fornleifarannsókn með það markmið að kanna aldur og eðli þeirra minja sem voru á framkvæmdarsvæðinu og þá sérstaklega athuga hvort eitthvað væri eftir af bæjarstæðinu sjálfu.

Rannsóknin fór fram dagana 26. maí og lauk 13. júní 2003 og voru grafnir 9 könnunarskurðir á völdum stöðum innan gamla túnstæðis Traðar. Við uppgröftinn var notast við traktorsgröfu og var grafið með henni þar til komið var niður á óhreyfð mannvistarlög. Annars var grafið beint niður á forsöguleg jarðlög. Við rannsóknina var notuð aðferð sem kallast á ensku “*single context excavation*”, þ.e. hver fornleifafræðileg eining var grafin, ljósmynduð, teiknuð og skráð sérstaklega.

Skýrsluhöfundur vill þakka öllum þeim sem komu að framkvæmd rannsóknarinnar, þá sérstaklega Ruth A. Maher og Oddgeiri Hanssyni fyrir góð vinnubrögð við uppgröftinn og starfsmönnum Náttúrustofu Vestfjarða fyrir alla hjálp og aðstoð.

2. Byggðarsaga

Lítið er í raun vitað um landnám á Vestfjörðum þar sem að litlar sem engar fornleifarannsóknir hafa farið fram á svæðinu. Til þessa hefur einungis einn staður frá landnámsöld verið grafinn upp. Árið 1977 og 78 var rannsakaður skáli á Hrafnseyri í Arnarfirði og var hann aldursgreindur með geislakoli til 10. aldar (Guðmundur Ólason, 1979).

Almennt er talið að landnám hafi átt sér stað seinna á Vestfjörðum en annarstaðar. Fræðimenn líta svo á að fyrstu landnámsmennirnir hafi fyrst sest að í ríkari landbúnaðarhéruðum og svæði sem löngum hafa verið talin fátækari eins og Vestfirðir voru numinn síðar. Í raun er lítið sem styður þessa kenningu að Vestfirðir hafi verið fátækari en önnur héruð.

Eðli byggðarinnar í Bolungarvík hefur alltaf verið tengd fiskveiðum. Verstöð er reist í vikinni strax á landnámsöld og er hún sú eina sem getið er í landnámu (Ísl.sög.I). Frá verstöðinni réru bæði bændur úr Bolungarvík og aðrir og komu þeir oft langt að.

Líklegt er að landnám hafi átt sér stað í Bolungarvík á fyrri hluta 10. aldar. Í landnámu segir að Þuríður sundafyllir hafi numið land í Bolungarvík og reist sér bæ á Vatnsnesi (Ísl.sög. I). Byggð hefur að öllum líkindum ekki staðið lengi á Vatnsnesi og hefur bærinn sennilega verið færður á þann stað sem bærinn Hóll í Bolungarvík stendur nú.

Það verður að líta á Hól sem frumbýli í Bolungarvík og aðrar jarðir í hreppnum hafi skipst út frá Hóli. Fyrst hefur jörðin Ós skiptst út frá Hóli og svo hafa Þjóðólfstunga, Miðdalur og Hlíð skiptst frá Hóli en Hanhóll og Gil frá Ósi. Þessi jarðaskipting hefur að öllum líkindum átt sér stað fyrir 1100. Engar heimildir eru til um það hvenær Tröð skiptist út úr Hlíðarlandinu en líklegt er að það hafi gerst um eða fyrir 1350 (Ragnar Edvardsson, 1996).

Tröð í Bolungarvík var á fyrri hluta 18. aldar hjáleiga frá Meiri Hlíð og talin um 8 hundruð að dýrleika. Árið 1710 er einn ábúandi á Tröð. Landskuld hafði áður verið 3 vættir á eyri en vegna skriðufalla hafði landskuldin verið lækkuð um eina vætt (Á.M. VII. bls. 145). Á landsvísu verður að flokka Tröð með fátækari býlum.

Þegar komið er fram á 20. öld var Tröð orðin að sjálfstæðri jörð. Núverandi íbúðarhús var byggt árið 1954 rétt við 19. aldar bæjarstæðið. Á þeim tíma stóðu fjós, fjárhús, hlaða og súrheysgryfja við bæjarhólinn en því var öllu rutt til þegar íbúðarhúsin í Traðarlandinu voru byggð.

3. Fornleifarannsókn

Ákveðið hafði verið í samráði við Fornleifavernd ríkisins að grafa 9 skurði á völdum stöðum, átta skurði innan gamla túnstæðis Traðar og einn skurð vestanmegin, fyrir utan túnið. Allir skurðir voru grafnir með traktorsgröfu.

Skurður 1 var staðsettur vestan við gamla bæjarhól Traðar, í u.þ.b. 5 metra frá núverandi íbúðarhúsi. Skurðurinn var 2 metrar á breidd og 20 metra langur. Skurður 2 var í miðju túni vestanmegin við ferhyrnda rúst. Skurðurinn var 2 metrar á lengd og fimm metra breiður. Skurður 3 var 10 metra austan við skurð 2 og var hann 2 metrar á breidd og 10 metrar á lengd. Skurður 4 var beint norður af gamla bæjarhólnum, vestanmegin við fjárhúsrúst sem stendur nyrst í túninu. Þessi skurður var 2 metrar á

breidd og 5 metrar á lengd. Skurður 5 var nyrst í túninu og var hann grafinn þvert á gamlan túngarð sem girðir túnið af norðan og vestanmegin. Skurðurinn var 2 metrar á lengd og 5 metrar á breidd. Skurður 6 var syðst í túninu og var hann 2 metrar á breidd og 20 metrar á lengd. Skurður 7 var vestast á rannsóknarsvæðinu, u.þ.b. 8 metra vestan grjóthlaðins túngarðs sem stendur á því svæði. Skurðir 8 og 9 voru staðsettir á milli skurða 1 og 4 og voru báðir 2 metrar á breidd og 5 metrar á lengd (kort 3). Skurðunum var gefinn kóði og var stafurinn T notaður til að auðkenna skurðina, T1, T2, T3 osfrv.




Mynd 1. Norðursnið í skurði 1, rétt vestan við núverandi íbúðarhús í Tröð

Í upphafi rannsóknarinnar var sett út hnitakerfi sem náði yfir allt gamla túnstæði Traðar. Lægsti punktur var settur í suðaustur horn kerfisins og voru honum gefin hnitin $x1000/y1000$. Hæsti punktur var í norðvestur horni þess og voru honum gefin hnitin $x1080/y850$. Rannsóknarsvæðið var allt 80 metrar á lengd og 150 metrar á breidd (kort 4).

Fastir hæðapunktur voru fengnir hjá Vegagerðinni og við uppgröftinn var notast við punkt sem var steypur í stein fyrir ofan Dísarland 2. Hæð á þessum punkti var 45.894 metrar yfir sjávarmáli.

Skurður 1 (T1)


Fyrsti skurðurinn var grafinn u.þ.b. 10 m austan við norðaustur horn íbúðarhússins á Tröð. Skurðurinn var 2 metrar á breidd og 18 metra langur og var stefna hans í austur/vestur. Skurðurinn var grafinn á upphækkun sem hallar í vestur og suður frá íbúðarhúsinu í Tröð.



Teikn. 1. Norður- og austursnið í skurði 1.

Yfirborðslag í skurði 1 [6] var misjafnlega þykkt en hvergi meira en 20cm. Undir því var rótað og mjög blandað lag [7]. Þetta lag var blandað af mannvistarlögum, hleðslugrjóti, steypumolum og mól. Líklegt er að lagið hafi myndast þegar að bæjarhúsum og útihúsum var rutt um koll. Vestast í skurðinum fyllti lag [7] allan skurðinn. Undir [7] var þykkt svart lag [9] sem lá ofan á ljórauðu móöskulagi [8] austanmegin í skurðinum. Lag [9] er mjög lífrænt og er líklegt að það hafi myndast við útmokstur úr fjárhúsum eða öðrum útihúsum. Lag [8] er aftur á móti vestur endi á ruslahaug sem hefur myndast þegar rusli og ösku var hent frá bæjarhúsum. Lag [8] þykknaði er austar dró og er líklegt að talsvert sé eftir af öskuhaugnum vestan megin við skurðinn. Undir mannvistarlögum [8] og [9] voru fleiri mannvistarlög, bæði móöskulag [10], viðaröskulag [15] og lífrænt lag [14]. Undir móöskulögum var 5 – 8 cm þykkt svart brunalag [11] sem sást allstaðar í skurðinum og var það elsta mannvistarlagið.

Skurður 1 – Suðursnið



Teikn. 2. Suðursnið í skurði 1.

Greinilegt var að mikið jarðrask hefur átt sér stað á svæðinu í kringum skurð 1. Stór hluti upphækkunarinnar þar sem skurðurinn var grafinn, hefur myndast þegar að eldri bæjarhúsum og útihúsum var rutt um koll árið 1954. Nær allur vestari hluti upphækkunarinnar er myndaður af hleðslugrjóti og öðrum efnum úr þessum húsum.

Austast í skurðinum er talsvert af óhreyfðum mannvistarlögum og er líklegt að þessi jarðlög haldi áfram í norður og austur frá skurðinum.

Engar byggingar sást í skurðinum en byggt á staðsetningu og stefnu óhreyfðu mannvistarlaganna sem sást austast í skurðinum er ekki hægt að útiloka að þær geti komið í ljós norðan og austan við skurð 1.


Skurður 2 (T2)

Skurður 2 var ysti skurðurinn vestanmeginn sem grafinn var innan gamla túnstæðis Traðar. Skurðurinn var 2 metra breiður og 5 metra langur og var grafinn við litla rúst. Þessi rúst er um 3 * 2 metar að ummáli og sést vel í yfirborði.

Þegar grasrótarlagið [1] hafði verið fjarlægt kom í ljós torflag [37] sem var mjög rótað og að öllum líkindum hrun úr veggjum rústarinnar. Undir torflaginu var annað torflag [38] með reglulegum torfstrengjum. Þetta lag tilheyrði vesturvegg rústarinnar. Syðst í skurðinum sást torflag [41] og er það líklega torfhrun úr byggingunni en

hugsanlegt er að það sé veggur úr annari rúst austan við skurðinn. Veggurinn [38] var byggður ofan á óhreyft, vindblásið lag [39] sem náði yfir allan skurðinn. Undir því var svo óhreyfður malarkenndur jarðvegur. Engin gjóskulög sáust í sniðum og ekki heldur fannst neitt annað sem hægt var að nota til aldursgreiningar.

Skurður 2 - Austursnið




Teikn. 3. Austursnið í skurði 2. Nr. 38 er torfveggur.

Skurður 3 (T3)

Skurður 3 var í miðju túni u.þ.b. 100 metra í norðvestur frá íbúðarhúsinu. Á þessu svæði sást lítil rúst í yfirborðinu og í kringum hana voru nokkrar ójöfnur sem bentu til þess að fornminjar leyndustu undir sverði. Áður en hafist var handa að grafa skurð 3 var svæðið mælt upp og teiknað. Í yfirborði sáust ummerki um tvö mannvirki og voru þær misgrónar og því líklegt að þær séu frá mismunandi tímum. Önnur tvö mannvirki komu svo í ljós eftir að skurður 3 hafði verið grafinn.

Mannvirki 1

Sú rúst sem var greinilegust, var ferhyrnd, 4 metrar á breidd og 6 metrar á lengd.



Teikn. 3. Mannvirki 1-3 í skurði 3.

Hleðsluhæð var um 20-80 sentímetrar. Mannvirkið hafði verið hlaðið úr grjóti og torfi og voru hleðslur austan og sunnanmegin útflattar en hleðslur stóðu enn norðan og vestanmegin.

Mannvirki 2

Vestan við mannvirki 1 er óljós ferhyrnd tóft, 7 metrar á breidd og 5,50 metrar á lengd. Allar hleðslur voru útflattar og mjög ógreinilegar. Greinilegt er að þetta mannvirki er talsvert eldra en mannvirki 1 þar sem að rústin er mjög gróin og að mannvirki 1 er byggt að hluta til ofan á austurvegg mannvirkis 2. Hlutverk þessa mannvirkis er alsendis óvíst.



Mannvirki 3

Mynd 2. Horn mannvirkis 3 í skurði 3.

Innan í mannvirki 1 sést gróinn veggur og er stefna hans í austur/vestur. Upphaflega var talið að þessi veggur tilheyrði mannvirki 1 en eftir að skurður 3 var grafinn kom í ljós, í vesturenda skurðsins, horn á mannvirki. Líklegt er að bæði veggurinn innan í mannvirki 1 og hornið á byggingunni í skurði 3 tilheyri sömu byggingunni. Þó er ekki hægt að fullyrða það með vissu fyrr en að svæðið hefur verið fullgrafið. Stærð þessa mannvirkis er óviss en líklegt er að það sé um 4 x 4 metrar að ummáli. Sömuleiðis er hlutverk þessa mannvirkis óvíst en löggun þess og stærð bendir til þess að hér sé um kvíar að ræða. Þó er ekki hægt að útiloka að mannvirkið hafi verið notað til annara hluta.


Mannvirki 4

Eftir að yfirborðslag [1] hafði verið fjarlægt í skurði 3, kom í ljós dökk fokmold sem dreifði úr sér yfir allan skurðinn. Undir fokmoldinni komu í ljós mannvistarlög og strúktúrar sem tilheyrðu mannvirki sem náði yfir allan skurðinn og hélt áfram útfyrir hann sunnan og norðan megin.



Teikn. 4. Mannvirki 4 í skurði 3.

Grjóthlaðinn veggur [3] lá eftir skurðinum endilöngum í austur og vestur átt. Veggurinn beygði í suður átt við báða endana og héldu vestur og austur gaflarnir áfram undir sniðið sunnan megin. Fyrir miðri rústinni var veggur sem skipti mannvirkinu í tvö hólf og hélt sá veggur einnig áfram undir suðursniðið. Innan í rústinni var hrunlag [5], [42], blandað kolum, móösku og torfi. Líklegt er að þetta lag hafi myndast þegar að mannvirkið hrundi og þegar að rusli var hent innan í bygginguna.



Teikn. 5 Austur- og norðursnið í skurði 4.

Undir mannvistarlögum [5] og [42], innan í vestari hólfinu, var þykkt, lífrænt, samanþjappað lag [57]. Í eystri hólfinu kom í ljós lítil hleðsla sem hafði sömu stefnu og norðurveggurinn en ekki var hægt að sjá hverju hún tilheyrði þar sem að hún hvarf undir sniðið sunnanmegin. Ákveðið var að grafa ekki dýpra innan í hólfunum þar sem hólfín voru lítil og þröng og því hætta á að mikilvægar upplýsingar glötuðust ef grafið væri dýpra. Talið var nauðsynlegt að stækka uppgraftrarsvæðið áður en að grafið yrði dýpra.

Fyrir utan mannvirkið að austanverðu var fingert malarlag [54] sem lá upp á gaflvegginn austanmegin. Samsetning þessa lags og afstaða bentu til þess að það hefði myndast þegar að vatn hafði skolað mól upp að byggingunni einhvertíman í fyrndinni. Undir malarlaginu var renna [58], 2 metrar á lengd, 50 sentimetrar á breidd og 20 sentimetrar á dýpt. Rennan náði út fyrir skurðinn bæði norðan og austanmegin. Líklegt er að hlutverk rennunnar hafi verið að veita vatni frá mannvirkinu.




Mynd 3. Ummerki um grjótskriður í skurði 5.

Þegar að hér var komið í sögu var ákveðið að grafa ekki dýpra á öllu svæðinu bæði vegna þess að nauðsynlegt er að stækka rannsóknarsvæðið við skurð 3 og að nægar upplýsingar höfðu safnast við uppgröftinn.

Skurður 4

Skurður 4 var norðaustan megin á rannsóknarsvæðinu við litla fjárhústóft sem byggð hafði verið alveg við túngarðinn. Fjárhústóftin var u.þ.b. 15 metrar á lengd og 10 metrar á breidd. Norðan megin hennar var steiptur hlöðugrunnur. Skurðurinn var vestan við fjárhústóftina og var hann 5 metrar á lengd og 2 metrar á breidd.



Teikn. 6. Vestursnið í skurði 5.

Í austursniði kom í ljós torfstrengir [36] sem tilheyra hleðslum í vesturvegg fjárhússins. Undir þessum strengjum var þykkt malarlag blandað fingerðri mól og stórum grjóthnullungum. Í þessu lagi sáust engin merki um mannvist og er þetta lag skriða sem fallið hefur úr fjallinu. Undir því var ljósbrúnt vindblásið lag [35] sem sennilega er gamla yfirborðið áður en að skriðan féll. Undir vindblásna laginu var annað lag [32] sem svipar mjög til [36] og er það ummerki um aðra eldri skriðu sem fallið hefur úr fjallinu.

Í norðursniðinu sáust svipuð malarlög [29 – 35] og eru hér um að ræða ummerki um grjótskriður sem fallið hafa úr fjallinu á mismunandi tímum. Líklegt er að tvær meiriháttar skriður hafi fallið á gamla túnstæði Traðar eftir að byggð hófst í Tröð.


Skurður 5

Skurður 5 var grafinn u.þ.b. 35 metra vestan við skurð 4. Skurðurinn snéri þvert á norður túngarðinn og var hann 2 metrar á breidd og 5 metrar á lengd.

Eftir að yfirborðslög höfðu verið fjarlægð komu í ljós þykk malarlög blönduð stórum grjóthnullungum [46], [49] og [51]. Þessi jarðlög eru svipuð þeim er sáust í skurði 4 og er líklegt að þetta séu sömu skriður og sáust þar. Á milli þessara laga voru lífræn jarðlög [47] og [50] sem eru forn yfirborðslög. Norðan megin í sniðinu sást merki um túngarð sem skriða [46] hafði fallið á og eyðilaggt.

Skurðir 6 og 7

Skurður 6 var u.þ.b. 30 metra suður af skurði 3 og var hann 2 metrar á breidd og 20 metrar á lengd. Þessi skurður snéri austur/vestur og var um 1 metri á dýpt. Ekki sáust merki um mannvistarlög í honum.



Teikn. 7. Norðursnið í skurði 8.

Skurður 7 var vestast á svæðinu, u.þ.b. 10 metra vestur af túngarðinum. Skurðurinn snéri norður/suður og var 2 metrar á breidd og 10 metrar á lengd. Hann var um 50 sentimetrar á dýpt og ekki sáust nein mannvistarlög í skurðinum.

Skurðir 8 og 9

Skurður 9 var austan megin á svæðinu og var hann 2 metrar á lengd og 5 metrar á breidd. Ekki sáust nein mannvistarlög í honum en í sniðum voru svipuð jarðlög og sáust í skurðum 4 og 5, fingerð malarlög með stórum grjóthnullungum. Líklegt er að þetta sé einnig ummerki um skriður sem fallið hafa á túnið.

Skurður 8 var u.þ.b. 7 metra sunnan við skurð 9 og var hann 2 metrar á breidd og 5 metrar á lengd. Undir yfirborðslagi vestanmegin, var móöskulag [18] sem var blandað beinum og kolum. Í því voru nokkrir ryðgaðir járnþútar sem bentu til að það væri ekki mjög gamalt. Austanmegin við móöskulagið, svo til fyrir miðjum skurðinum, var fokmold [27]. Vestanmegin í skurðinum var fokmoldin ofan á jarðlögum sem voru malarkennd og með stórum grjóthnullungum [19], [21], [22], [23]. Þessi jarðlög tilheyra sennilega þeim skriðum sem sáust í skurðum 4 og 5. Austanmegin í skurðinum var afmarkað móöskulag [24] undir fokmoldinni [27]. Undir móöskunni voru svo fingerð malarlög [26] og [28].

Niðurstöður fornleifarannsóknar

Fornleifarannsóknin sýndi að talsvert er eftir af mannvistarlögum og mannvirkjum í 6 skurðum af 9. Ljóst er á þessari rannsókn að mannvistarlögin eru frá ýmsum tímum og bera þess vitni að búið hafi verið lengi í Tröð.

Þykk mannvistarlög voru í skurði 1 og stefna þeirra og lögun sýna að gamli bærinn hefur að öllum líkindum staðið norðaustan við skurðinn eða norðan við núverandi íbúðarhús í Tröð. Miklar líkur er á að eitthvað sé eftir af fornminjum á því svæði.

Vitað er að norðan við skurðinn stóðu áður fjárhús og súrheysgryfja og við uppgröftinn sást að þessum byggingum hafði verið rutt til. Stór hluti þess hóls sem er vestan við íbúðarhúsið var búin til úr efni úr þessum byggingum. Líkur eru á því að eitthvað sé eftir af eldri byggingum norðan við skurð 1.

Ekki var mikið um mannvistarlög í skurði 2 en þó voru minjar um eitt mannvirki. Sú bygging er ekki mjög gömul, sennilega byggð á tímabilinu 1850 -1930. Líklegt er að hún sé annaðhvort leifar af kvíum eða kofa sem hafði eitthvað óþekkt hlutverk. Möguleiki er að eldri bygging sé á þessu svæði en rannsóknin gat ekki gengið fullkomlega úr skugga um það.

Í og við skurð 3 fundust flest mannvirki og flestar mannvistarleifar. Mannvirkin á þessu svæði eru frá mismundandi tímabilum og er hægt að skipta þeim upp í 4 megin byggingartímabil.

Tímabil 1. 1850 – 1930

Mannvirki 1. Ferhyrnd rúst, 4 metrar á breidd og 6 metrar á lengd. Hlutverk þessarar byggingar er óviss en bæði getur hér verið um lítinn geymslukofa að ræða eða kvíar.

Tímabil 2. 1700 – 1850

Mannvirki 3. Ferhyrnd rúst, 4 metrar á lengd og 4 metrar á breidd. Hlutverk þessarar byggingar er einnig óviss en frekari rannsókn á svæðinu mun eflaust gera betur grein fyrir hlutverki hennar.

Tímabil 3. – 1700

Mannvirki 2 og 4. Mannvirki 2 er 7 metrar á lengd og 5, 50 metrar á breidd. Hleðslur eru allar útflattar og ekki hægt að átta sig á hlutverki þessarar byggingar. Mannvirki 4 er tvíhólfa rúst, hlaðin úr torfi og grjóti, 10 metrar á lengd en breidd Hlutverk mannvirkisins er óviss þar sem að það náði út fyrir skurðinn. Breidd þess í skurðinum er 2 metrar. Stór möguleiki er á því að mannvirkin 2 og 4 tilheyri einni og sömu byggingunni og er ekki hægt að útiloka að hér sé um að ræða íveruhús. Hvort sem mannvirkin eru kot sem byggt var í túninu eða eldra bæjarstæði Traðar getur frekari fornleifarannsókn ein leitt í ljós.

Skurður 4 sýndi fyrst og fremst að miklar grjótskriður hafa fallið á túnið í gegnum tíðina. Þetta er einnig sýnilegt í yfirborði og á loftmyndum er mjög greinileg skriða sem komið hefur úr fjallinu. Síðasta stóra skriða sem kom niður úr fjallinu féll árið 1704. Þessi skriða olli miklum spjöllum á túni Traðar og í kjölfarið lækkaði eigandi jarðarinnar landskuldina þar sem að túnið gat ekki gefið af sér eins mikið og áður (Árni Magnússon, 1940).

Skriðan sást greinilega í öllum sniðum í skurðinum. Fjárhúsið sem stendur austan við skurðin er greinilega byggt ofan á skriðuna og því er líklegt að það hafi fyrst verið byggt eftir 1704. Fjárhúsið er síðan annaðhvort endurbyggt eða lagfært eftir aldamótin 1900 og er í notkun fram á miðja 20. öldina.

Sniðin í skurði 4 sýndu einnig að skriðan frá 1704 var ekki sú fyrsta sem fallið hefur á túnið. Ummerki um eldri skriður eru greinilegar og svo virðist sem að minnsta kosti tvær stórar skriður hafi fallið úr fjallinu eftir að byggð hófst í Tröð.

Í skurði 5 sáust ummerki um sömu skriður og sáust í skurði 4. Grjóthlaðni túngarðurinn sem sést vel bæði norðan og vestan við túnstæðið er byggður ofan á yngstu skriðuna. Þetta bendir til þess að garður hafi fyrst verið hlaðinn á þessu svæði

eftir 1704 og síðan haldið við allt fram á lok búsetu í Tröð. Vitað er að um 1930 hafi ábúandi Traðar látið endurbyggja túngarð allt í kringum túnstæði Traðar (munnleg heimild) og er það sá túngarður sem sést í dag.

Ekki sáust nein mannvirki í skurði 8 en nokkur mannvistarlæg voru mjög greinileg. Sömuleiðis sást í enda skriðunnar sem áður hafði komið í ljós í skurðum 4 og 5. Mannvistarlögin í skurði 8 benda eindregið til þess að ummerki um frekari mannvist geti komið í ljós á svæðinu, þá sérstaklega fyrir sunnan og austan skurð 8.

Fundir

Við uppgröftin fundust ekki margir gripir. Þeir gripir sem voru skráðir fundust í skurðum 1 og 3. Ástæða þess að ekki var mikið um fundi í öðrum skurðum var fyrst og fremst vegna þeirrar aðferðar sem notuð var við uppgröft þeirra og vegna þess að skurðirnir voru grafnir á stöðum þar sem ekki mátti búast við gripum.

Fundir í skurði 1 voru bundnir við efstu jarðlögin, eða þau lög sem mest hafði verið rótað í á síðustu áratugum. Gripirnir sem fundust í þessum jarðlögum voru af ýmsum toga, keramikbrot, járnútar, gler og ýmsir gripir frá miðri 20. öld. Frumkönnun á þessum gripum sýnir að þeir eru allir frá 19. – 20. öld. Engir fundir komu úr eldri jarðlögum í skurði 1.

Í skurði 3 voru skráð 18 fundanúmer, af þeim voru 2 lausafundir, i.e. fundust við hreinsun eftir að hætt var að grafa með skurðgröfu, 6 gripir fundust í fokmold yfir rústinni, 10 gripir fundust í hrúni úr veggjum innan í rústinni. Athyglisvert er að benda á að leirkerabrot voru fá og voru þau einungis bundin við efstu jarðlögin. Í torfhrúni úr veggjunum fundust engin leirkerabrot. Þetta getur bent til þess að rústin sé gömul þar sem að leirker komu ekki til Íslands í einhverju mæli fyrr en á síðmiðöldum. Eitt krítarpípubrot fannst við uppgröftinn og er líklegt að það sé frá tímabilinu 1600 – 1900. Aðrir gripir sem fundust í hrúni veggjanna voru úr gleri, járn og brons.

Erfitt er að fullyrða um aldur rústarinnar í skurði 3 út frá gripum þar sem að enginn þeirra er þannig gerður að hægt sé að tengja hann einu ákveðnu tímabili. Samt sem áður er hægt að áætla að rústin í skurði 3 hafi verið hrúnin vel fyrir 1800.

4. Tröð í Bolungarvík og snjóflóðavarnargarðurinn

Ljóst er að snjóflóðavarnargarðurinn í hlíðinni fyrir ofan Tröð er gríðarlegt mannvirki og mun að mestu leiti eyðileggja bæjarstæði Traðar. Snjóflóðavarnargarðurinn veldur svo miklum breytingum á landslagi svæðisins að eftir nokkra áratugi munu engir muna eftir því hvernig landslagi þar var háttað. Sömuleiðis mun minningin um bæinn Tröð falla í gleymsku og vitneskjan um staðsetningu hans gleymast.

Samkvæmt þjóðminjalögum ber okkur skylda til að varðveita eða rannsaka nákvæmlega, sé ekki unnt að varðveita, allar minjar eldri en 100 ára (Þjóðminjalög). Sömuleiðis er mikilvægt að minjum sé ekki mismunað vegna þess að þær eru yngri en aðrar eða vegna eðli þeirra. Fornleifafræði sem fræðigreini á að ganga út frá því að allar minjar séu jafn mikilvægar og beri að rannsaka þær með bestu mögulegu aðferð sem völ er á hverju sinni.

Mikilvægt er að allar minjar á landinu séu flokkaðar eftir mikilvægi, i.e. a) hvort þær séu mikilvægar á heimsmælikvarða. b) Mikilvægar á þjóðarmælikvarða. c)


Mikilvægar fyrir ákveðið svæði. Minjar sem falla undir flokk a og b eru minjar sem ekki á að hreyfa við og á að varðveita fyrir komandi kynslóðir. Minjar í c flokki á að varðveita ef hægt er, en sé það ekki mögulegt skal rannsaka þær áður en þeim er fargað. Minjarnar í Tröð fellur í flokk c þar sem að hún er mikilvæg fyrir Vestfjarðarsvæðið og þá sérstaklega búsetuþróun í Bolungarvíkurkaupstað.

Kort 2 sýnir þau svæði innan bæjarstæðis Traðar þar sem helst má búast við fornminjum. Best væri, ef það er mögulegt, að varnargarðurinn yrði endurhannaður þannig að hann skaðaði ekki bæjarstæðið að neinu leiti. Ef slíkt er ekki mögulegt er nauðsynlegt að endurhanna garðinn á þann hátt að hann valdi sem minnstum skaða á fornminjum. Stór möguleiki er á því að hægt sé að komast hjá raski á svæðinu í kringum skurð 1. En ef það er ekki mögulegt verður að fara fram nákvæmur fornleifauppgröftur á þessu svæði.


Hættusvæðið í kringum skurð 3 lendir allt undir garðinum og ólíklegt er að hægt sé að endurhanna garðinn þannig að hann snerti ekki fornminjar á þessu svæði. Þar af leiðandi er mikilvægt að þar fari fram ýtarleg fornleifarannsókn.

Stærð svæðisins sem nauðsynlegt er að rannsaka nánar er um 20x10 metrar að ummáli. Best er að beita þeirri aðferð að allt svæðið verði opnað í einu og uppgreftri á 'opnu svæði' (open area excavation) verði beitt við rannsóknina. Síðan verði hver fornleifafræðileg eining skráð, teiknuð og ljósmynduð sérstaklega. Aðferð þeirri sem hér er lýst mun flýta fyrir rannsókn á fornminjum á svæðinu.


5. Kort




Kort 1. Bæjarstæði Traðar í jaðri Bolungarvíkurkaupstaðar.



Kort 2. Svæði þar sem helst má búast við fornminjum.



Kort 3. Staðsetning könnunarskurða.



Kort 4. Hnitakerfi rannsóknarsvæðisins.

6. Viðbætur

a. Skrá yfir einingar

Nr.	i	Lýsing	Dags.	Upphafst.
		Sv		
		æð		
1T3		Grasrót.	28.5.2003	Red
2T3		Dökk fokmold.	28.5.2003	Red
3T3		Torfveggur (mannvirki 4).	28.5.2003	Red
4T3		Ljósbrúnn fokmold blönduð mól.	28.5.2003	Red
5T3		Ruslalog blandað kolum, b.b., móösku inn í mannvirki 4.	28.5.2003	Red
6T1		Grasrót, yfirborðslag sama og 1.	28.5.2003	OH/RAM
7T1		Blandað rótað lag undir 6.	28.5.2003	OH/RAM
8T1		Blönduð móaska frekar ljós.	28.5.2003	OH/RAM
9T1		Svartleitt lag (skítahaugur).	28.5.2003	OH/RAM
10T1		Brún móaska - mix (bottom).	29.5.2003	OH/RAM
11T1		Þunnt svart lag yfir óhreyfðu.	29.5.2003	OH/RAM
12T1		Malarlag.	29.5.2003	OH/RAM
13T1		Hrein mold.	29.5.2003	OH/RAM
14T1		Ljósbrúnt mjög þunnt lag.	29.5.2003	OH/RAM
15T1		Öskulag.	29.5.2003	OH/RAM
16T3		Malarlag í austurenda skurðs.	2.6.2003	Red
17T3		Torhrun úr veggjum í mannvirki 3.	2.6.2003	Red
18T8		Ljósrautt móöskulag.	3.6.2003	Ram
19T8		Skriða (vestur).	3.6.2003	Ram
20T8		Svart lag sem nær yfir allan skurðinn.	3.6.2003	Ram
21T8		Þunnt malarlag.	3.6.2003	Ram
22T8		Þunnt svart lag sem nær næstum því yfir allan skurðinn.	3.6.2003	Ram
23T8		Óhreyfð mold.	3.6.2003	Ram
24T8		Ljósrautt móöskulag. Mjög afmarkað.	3.6.2003	Ram
25T8		Skriða (austur).	3.6.2003	Ram
26T8		Mjög þunnt malarlag.	3.6.2003	Ram
27T8		Vindblásið lag.	3.6.2003	Ram
28T8		Dökkbrúnt vindblásið lag.	3.6.2003	Ram
29T4		Brúnt vindblásið lag.	3.6.2003	O.H.
30T4		Skriða.	3.6.2003	O.H.
31T4		Skriða.	3.6.2003	O.H.
32T4		Skriða.	3.6.2003	O.H.
33T4		Svart brunalag. Mögulega sama og [11].	3.6.2003	O.H.
34T4		Skriða.	3.6.2003	O.H.
35T4		Ljósbrúnt vindblásið lag.	3.6.2003	O.H.
36T4		Strengur líklega tvö umvörp undir vesturvegg fjárhúss.	3.6.2003	O.H.
37T2		Torf úr vegg ofan á mannvirki [38].	6.6.2003	Ram
38T2		Mannvirki - torfveggur (vesturveggur).	6.6.2003	Ram
39T2		Brúnt vindblásið lag, undir 38.	6.6.2003	Ram
40T2		Brúnt vindblásið lag milli 38 og 41.	6.6.2003	Ram
41T2		Torfveggur.	6.6.2003	Ram
42T3		Hrun úr vegg. Mannvirki 3.	9.6.2003	O.H.
43T3		Rótað lag með torfflekkjum, rauðum og gulum. Veggur?	10.6.2003	O.H.
44T5		Túngarður frá 1920.	10.6.2003	Red
45T5		Yfirborðslag.	10.6.2003	Red
46T5		Skriða frá 1706.	10.6.2003	Red

47T5	Fokmold upp að eldri túngarði.	10.3.2003Red
48T5	Dökkbrúnt/Svart yfirborðslag (fornt) in situ.	10.6.2003Red
49T5	Skriða fyrir 1600.	10.6.2003Red
50T5	Ljósbrún fokmold.	10.6.2003Red
51T5	Forsöguleg skriða.	10.6.2003Red
52T5	Dökkbrúnt/Svart yfirborðslag (fornt) in situ.	10.6.2003Red
53T5	Túngarður eyðilagður af 1706 skriðu.	10.6.2003Red
54T3	Malarlag smágerð, vindblásið.	12.6.2003O.H.
55T3	Fylling í stoðarholu.	12.6.2003O.H.
56T3	Stoðarhola.	12.6.2003O.H.
57T3	Botn á mannvirki.	12.6.2003Ram
58T3	Skurður fyrir rennu í eystri enda.	12.6.2003Red
59T3	Óhreyfð mold.	12.6.2003Red

b. skrá yfir teikningar

Nr.	Tegund	Eining	Skali Lýsing	Dags.
1	Snið	Multi context	20Suðursnið í skurði 1.	29.5.2003O.H.
2	Snið	Multi context	20Norðursnið í skurði 1.	29.5.2003Ram
3	Snið	Multi context	20Hluti af norðursniði og austursniði í skurði 1.	29.5.2003Ram
4	Snið	Multi context	20Norðursnið í skurði 8.	3.6.2003Ram
5	Snið	Multi context	20Norður og austursnið í skurði 4.	3.6.2003O.H.
6	Snið	Multi context	20Austursnið í skurði 2.	6.6.2003Ram
7	Plan	Site plan	Plan af öllu svæðinu.	9.6.2003Red
8	Plan		42 20Torfhrun í T3.	9.6.2003O.H.
9	Plan		42 20Torfhrun í T3.	9.6.2003O.H.
10	Plan	Multi context	20Mannvirki 1-4 á svæði við T3.	9.6.2003Red
11	Plan		42 20Torfhrun í T3.	9.6.2003Ram
12	Plan		42 20Torfhrun í T3.	9.6.2003O.H.
13	Plan		3 20Veggur mannvirkis 2.	9.6.2003Red
14	Plan	Multi context	20Mannvirki 4 á svæði við T3.	9.6.2003Red
15	Plan	Multi context	20Mannvirki 1/4.	9.6.2003Red
16	Plan		43 20Rótað lag.	10.6.2003Red
17	Snið	Multi context	20Vestursnið í skurði 5.	10.6.2003Red
18	Plan		43 20Rótað lag.	10.6.2003O.H.
19	Plan		43 20Rótað lag.	10.6.2003O.H.
20	Plan		43 20Rótað lag.	10.6.2003O.H.
21	Plan	55/56	20Stoðarhola og fylling.	12.6.2003O.H.
22	Plan		57 20Dökkleitt lag/gólfslag?	12.6.2003Ram
23	Plan		54 20Malarlag/blandað lag innan í mannvirki.	12.6.2003O.H.
24	Plan	Multi context	20Austurhluti skurðar 3. 1.	12.6.2003Red
25	Plan	Multi context	20Austurhluti skurðar 3. 2.	12.6.2003Red
26	Plan	Multi context	20Miðhluti skurðar 3.	12.6.2003Red
27	Plan	Multi context	20Vesturhluti skurðar 3.	12.6.2003Red

c. skrá yfir fundi.

Fundanúmer	Svæði	Efni	Tegund	Dags.	Upphafst. Eining
1	T3	Fe/glass	Blandað	28.5.2003Red	Lausaf.
2	T3	Keramic	Ópekkt	28.5.2003Red	Lausaf.
3	T1	Keramic	Bolli	27.5.2003Red	Lausaf.
4	T1	Blandað	Ópekkt	27.5.2003Ram	Lausaf.
5	T1	Keramic	Ópekkt	27.5.2003Red	Lausaf.
6	T1	Málmur	Ópekkt	27.5.2003Red	Lausaf.
7	T1	Gler	Flaska	27.5.2003Red	Lausaf.

8T1	Keramik	Óþekkt	27.5.2003Red	Lausaf.	
9T3	Fe	Hnífur	29.5.2003Red		4
10T3	Bronze	Hnappur	29.5.2003Red		4
11T3	Keramik	Óþekkt	29.6.2003Red		4
12T3	Fe	Óþekkt	29.6.2003Red		4
13T3	Fe	Nagli	3.6.2003Red		4
14T3	Fe	Nagli	3.6.2003Red		17
15T3	Fe/Bone	Hnífur	2.6.2003Red		4
16T3	Keramik	Krítarpípa	10.6.2003O.H.		43
17T3	Gler	Flaska	10.6.2003O.H.		43
18T3	Viður	Óþekkt	9.6.2003Ram		42
19T3	Keramik	Óþekkt	9.6.2003Ram	Lausaf.	
20T3	Fe	Nagli	9.6.2003Ram		43
21T3	Fe	Nagli	9.6.2003Ram		42
22T3	Gler	Óþekkt	11.6.2003Ram		43
23T3	Viður	Viðarkol	11.6.2003Ram		43
24T3	Fe	Nagli	11.6.2003O.H.		43

d. skrá yfir jarðvegssýni

Sýnanúmer	Area	Eininganúmer	Hnit	Lýsing	Dags.
1T1		11		Mannvistarlag ofan á óhreyfðu.	27.5.2003Red
2T1		9		Viður (poss. C14).	27.5.2003Red
3T3		43		Blandað lag.	12.6.2003Ram
4T3		55		Fylling úr stoðarholu.	12.6.2003O.H.
5T1		8		Ruslslag.	12.6.2003Red
6T1		8		Ruslslag.	12.6.2003Red
7T1		9		Ruslslag.	12.6.2003Red
8T1		10		Ruslslag.	12.6.2003Red

e. skrá yfir ljósmyndir.

Filmunr: 1
Tegund: Slide

Nr.	Átt	Lýsing	Dags.	Upphafst.
1	Norður	Yfirlitsmynd tekin frá Hól í Bolungarvík.	26.5.2003Red	
2	Norður	Sama og 1.	26.5.2003Red	
3	Norður	Sama og 1.	26.5.2003Red	
4	Norður	Sama og 1.	26.5.2003Red	
5				
6				
7				
8				
9	Norður	Norðursnið í prufuskurði 1 í bæjarhól. Frá A-V.	28.5.2003RAM/O.H.	
10	Norður	Sama.	sama	sama
11	Norður	Sama.	sama	sama
12	Norður	Sama.	sama	sama
13	Norður	Sama.	sama	sama
14	Norður	Sama.	sama	sama
15	Norður	Sama.	sama	sama
16	Norður	Sama.	sama	sama
17	Norður	Sama.	sama	sama
18	Norður	Sama.	sama	sama
19	Norður	Suðursnið í skurði 1 frá vestri til austurs.	sama	sama

20Norður	Sama.	sama	sama
21Norður	Sama.	sama	sama
22Norður	Sama.	sama	sama
23Norður	Sama.	sama	sama
24Norður	Sama.	sama	sama
25Norður	Sama.	sama	sama
26Norður	Sama.	sama	sama
27Norður	Sama.	sama	sama
28east	Austursnið í skurði 1.	sama	sama
29east	Sólmyrkvi tekinn frá Hóli.	31.06.03	Red
30east	Sólmyrkvi tekinn frá Hóli.	sama	Red
31east	Sólmyrkvi tekinn frá Hóli.	sama	Red
32east	Sólmyrkvi tekinn frá Hóli.	sama	Red
33west	Mannvirki 3 í skurði 3. Torfhrun og hleðslur.	3.6.2003	Red
34west	Sama.	3.6.2003	Red
35west	Sama.	3.6.2003	Red
36			
37			

Filmunr. 2**Tegund filmu: Slide**

1E	T3/bygging 3 (Torfhrun).	3.6.2003	Red
2E	Sama.	3.6.2003	Red
3E	Sama.	3.6.2003	Red
4E	Sama.	3.6.2003	Red
5E	Sama.	3.6.2003	Red
6N	Sama.	3.6.2003	Red
7N	T8. Norðursnið.	4.6.2003	Ram
8N	Sama.	4.6.2003	Ram
9N	Sama.	4.6.2003	Ram
10N	Sama.	4.6.2003	Ram
11N	Sama.	4.6.2003	Ram
12N	Sama.	4.6.2003	Ram
13N	Sama.	4.6.2003	Ram
14N	T4. Norðursnið.	4.6.2003	Ram
15N	T4.	4.6.2003	Ram
16N	T4.	4.6.2003	Ram
17E	T4. Austursnið. Fjárhústóft.	4.6.2003	Ram
18E	T4 N - S.	4.6.2003	Ram
19E	Sama.	4.6.2003	Ram
20E	Sama.	4.6.2003	Ram
21E	Sama.	4.6.2003	Ram
22E	Sama.	4.6.2003	Ram
23E	T2.	4.6.2003	Ram
24W	Vestursnið í T4.	10.6.2003	Red
25W	Sama.	10.6.2003	Red
26W	Sama.	10.6.2003	Red
27W	Sama.	10.6.2003	Red
28W	Sama.	10.6.2003	Red
29W	Sama.	10.6.2003	Red
30W	Sama.	10.6.2003	Red
31W	Sama.	10.6.2003	Red
32W	Sama.	10.6.2003	Red

33W	Sama.	10.6.2003Red
34E	Eldri túngarður í sniði í T4.	10.6.2003Red
35E	Sama.	10.6.2003Red
36E	Sama.	10.6.2003Red

Filmunr. 3**Tegund: slide**

1W	T3 Vinnumynd.	10.6.2003Red
2N	Túngarður 1920-30.	10.6.2003Red
3N	Túngarður 1920-30.	10.6.2003Red
4N	Túngarður 1920-30.	10.6.2003Red
5N	Túngarður 1920-30.	10.6.2003Red
6N	Túngarður 1920-30.	10.6.2003Red
7N	Túngarður 1920-30.	10.6.2003Red
8E	Túngarður 1920-30.	10.6.2003Red
9S	Suður/Norður hluti túngarðs frá 1920-30.	10.6.2003Red
10SV	Landalifur.	10.6.2003Red
11S	Hóll í Bolungarvík.	10.6.2003Red
12V	Rétt í Minnihlíðarlandi.	10.6.2003Red
13S	Sjávarhús.	10.6.2003Red
14E	Sjávarhús.	10.6.2003Red
15	Myndir af skurði 3 (T3).	11.6.2003Red
16	Sama.	11.6.2003Red
17	Sama.	11.6.2003Red
18	Sama.	11.6.2003Red
19	Sama.	11.6.2003Red
20	Sama.	11.6.2003Red
21	Sama.	12.6.2003Red
22	Sama.	12.6.2003Red
23	Sama.	12.6.2003Red
24	Sama.	12.6.2003Red
25	Sama.	12.6.2003Red
26	Sama.	12.6.2003Red
27	Sama.	12.6.2003Red
28	Sama.	12.6.2003Red
29	Sama.	12.6.2003Red
30	Sama.	12.6.2003Red

7. Heimildir

Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VII.bindi, Kaupmannahöfn 1940.

Guðmundur Ólafsson, “Grelutóttir. Landnámsbær á Eyri við Arnarfjörð”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, Reykjavík 1979.

Íslendingasögur, I. bindi. G. Jónsson ritstj. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan 1981.

Ragnar Edvardsson. *Fornleifaskráning í Bolungarvík*, fyrsti hluti. Bolungarvík 1996.

Þjóðminjalög. www.althingi.is.